

**40. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn miðvikudaginn 3. desember
2014 kl. 15:00.**

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði

Mættir: Sveinn Jónsson (SJ) – í síma, Jón Björn Hákonarson (JBH), Þórunn Egilsdóttir (ÞE), Sæunn Stefánsdóttir (SS) – í síma, Berglind Hasler (BH), Karl Lauritzson (KL), Páll Baldursson (PB), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB). Jóna Árný (JÁÞ) ritaði fundargerð

Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) starfandi framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Staðfesting síðstu fundargerðar
2. Yfirlit yfir stöður mála
 - a. Fjárhagur Austurbrúar
 - b. Ný sóknaráætlun landshlutans
 - c. Yfirverkefnisstjórar skv. nýju skipuriti
 - d. Upplýsingamiðstöð
 - e. Önnur verkefni
3. Önnur mál
 - a. Innleiðingarmál
 - b. Húsnæðismál
 - c. Starfsmannamál



Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1. **Staðfesting fundargerða**

Staðfestingu fundargerðar 39 frestað til næsta fundar.

2. **Yfirlit yfir stöður mála**

a. **Fjárhagur Austurbrúar**

JÁÐ og JBH fóru yfir hvaða viðræður og þróun hafi átt sér stað frá síðasta fundi. JÁÐ fór yfir fjárhagsstöðuna og lagði fram tillögu að því hvernig uppsafnaðar vandi yrði leystur. JÁÐ og JBH er falið að halda áfram vinnunni á grundvelli umræðna fundarins.

b. **Sóknaráætlun landshlutanns**

JÁÐ fór yfir þróun mála og stöðu samningana í dag og hvaða fundir eru framundan hjá SSA. JBH upplýsti um fund sem hann hafði setið með Menningarráði Austurlands. JÁÐ er falið að vinna áfram á grundvelli þess sem fram fór á þeim fundi.

c. **Yfirverkefnisstjórar skv. nýju skipuriti**

JÁÐ fór yfir umsóknir sem borist höfðu í hlutverk yfirverkefnisstjóra. JÁÐ upplýsti að enn væri vinna í gangi við viðtöl og niðurstaða lægi ekki enn fyrir. Stjórn felur JÁÐ að klára viðtöl, taka ákvörðun og tilkynna til starfsmanna sem allra fyrst svo halda megi áfram undirbúningsvinnu fyrir fund með stofnaðilum þann 11. desember 2014.

d. **Upplýsingamiðstöðin**

JÁÐ fór yfir stöðu mála frá síðasta fundi. Starfshópur er kominn til starfa og verið er að vinna málið áfram á grundvelli þeirra umræðna sem átt hafa sér stað. Gert er ráð fyrir frekari fundum í framhaldinu til að finna málinu farveg.

e. **Önnur mál**

JÁÐ fór yfir stöðu ýmissa verkefna til upplýsingar fyrir stjórn s.s. Ál og Fisk, Djúpið, Fab-Lab o.s.frv.

3. **Skipan í fagrað Austurbrúar**

JÁÐ fór yfir hugmyndir í tengslum við fagraðs. Stjórn frestar málinu til nýs árs.

4. Önnur mál

a. Innleiðingarmál

JÁÐ fór yfir stöðu á innleiðingarátætlun og það sem gert hefur verið frá síðasta fundi.

b. Húsnæðismál

JÁÐ fór yfir stöðu mála gagnvart leigjendum á Vonarlandi. Reiknað er með að hafa fund með Vísindagarðinum í þessari eða næstu viku.

c. Starfsmannamál

JÁÐ fer yfir andrúmsloft innanhúss í tengslum við erfiða fjárhagsstöðu. Mikilvægt sé að upplýsa um leið og einhverjir áfangasigrar yrðu í lausn málsins.

5. Önnur mál

Stjórn felur JÁÐ og JBH að ganga frá samningum við mennta- og menningarmálaráðuneytið um Símenntun, háskóla og rannsóknir á grundvelli fyrirbyggjandi samnings.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundur slitið kl. 18:00

Jón Björn Hákonarson

Sæunn Stefánsdóttir

Þórunn Egilsdóttir

Sveinn Jónsson

Berglind Hasler

Karl Lauritzson

Páll Baldursson

Sigrún Birna Björnsdóttir